**Til Akraneskaupsstaðar og Hvalfjarðarsveitar.**

*Eiðisvatni, 17. apríl 2018.*

**Samstarfsnefnd um byggingu reiðskemmu á Æðarodda. - Samantekt og niðurstaða.**

Hestamannafélagið Dreyri sendi inn erindi til Akraness og Hvalfjarðarsveitar um ósk um aðkomu sveitarfélanna að byggingu á reiðskemmu á félagssvæði þess á Æðarodda á Akranesi þann 13. nóvember 2017. Í erindinu er gerð grein fyrir hugmyndum félagsins að byggingu reiðhallar sem yrði 25 x 45 metrar að stærð og er byggingarkostnaður metinn um 78 milljónir króna m/vsk. Í erindinu kemur fram að Hestamannafélagið Dreyri er tilbúið að leggja fram sjálft um 34% af þeirri upphæð, eða um 27 milljónir króna. Leggur félagið til að sveitarfélögin komi með fjármagn á móti um 51 milljón króna svo að verkefninu geti orðið.

Tillaga kom fram frá Hvalfjarðarsveit að skipa 4 mannna nefnd sem fengi það verkefni að skoða mögulega uppbyggingu, eignarhald og rekstrarfyrirkomulag á reiðhöll sem byggð yrði á félagssvæði Dreyra. Nefndin skyldi skipuð einum fulltrúa frá hvoru sveitarfélagi og tveimur fulltrúum frá Hestamannafélaginu.

Bæjarráð Akraness samþykkti tillöguna á fundi 25. janúar s.l. Fulltrúi Akraness er Einar Brandsson.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 13. febrúar s.l að Björgvin Helgason yrði fulltrúi Hvalfjarðarsveitar í nefndinni.

Stjórn Hestamannafélagsins Dreyra samþykkti á fundi þann 5. febrúar að fulltrúar félagsins í umræddri starfsnefnd yrðu Hrafn Einarsson og Ása Hólmarsdóttir.

Nefndin fundaði þrisvar sinnum, eða þann 22. febrúar, 19. mars og 15. apríl s.l.

***Niðurstaða:*** *starfshópurinn er sammála um að full þörf er á að bæta aðstöðu hestamanna á félagssvæði Dreyra með byggingu á reiðhöll, líkt og kom fram í erindi hestamannafélagsins til sveitarfélaganna. Ljóst má vera að slíkt mannvirki mun stórbæta aðstöðu hestamanna á svæðinu og mun auka áhuga á hestaíþróttum. Aðstaða sem þessi gerir það að verkum að hægt verður að auka til muna allt fræðslu og námskeiðshald hjá félaginu er lítur að hestamennsku. Starfshópurinn er sammála því að áhugavert gæti verið þróa námskeiðs- og kynningarstarf tengt hestamennsku í samstarfi við grunn- og framhaldsskóla á svæðinu, leggur því starfshópurinn til að með styrkveitingum til byggingar reiðhallar frá sveitarfélögunum verði gert samkomulag á milli aðila um skuldbindingar hestamannafélagsins um fræðslu- og kynningarstarf á hestamennsku í tengslum við skóla sveitarfélaganna.*

*Er lítur að fjármögnun verkefnisins þá leggur starfshópurinn til að kostnaði verði skipt með þeim hætti að hestamannafélagið sjálft leggi fram um 27 milljónir króna eða um 34% af kostnaðaráætlun, Hvalfjarðarsveit styrki félagið um 10 milljónir króna vegna byggingar reiðhallar á tveimur árum og að Akraneskaupstaður leggi fram um 41 milljónir króna til verkefnisins auk styrks til greiðslu á gatnagerðargjöldum. Sú upphæð er áætluð um 20 miljónir.*

*Lagt er til að Hestamannafélagið Dreyri eigi og reki húsnæðið og að samkomulag verði gert við Akraneskaupstað vegna álagningar fasteignagjalda og byggingargjalds til samræmis við önnur íþróttamannvirki á Akranesi.*

Björgvin Helgason, Hvalfjarðarsveit

Einar Brandsson, Akranesi

Hrafn Einarsson , Hestamannafélagið Dreyri

Ása Hólmarsdóttir,  Hestamannafélagið Dreyri